



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 24. nóvember 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru:, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir (Teams), Lárus Sindri Lárusson, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir,

Fjarverandi:

1. Fjármál félagsins.

Staðan er ágæt, tekjur hafa verið að skila sér ágætlega, eitthvað er af útistandandi kröfum.

2. Skipulagsmál

Rætt var um ferlið í tenglum við breytingar á skipulagi hjá bæjarfélögunum sem hófust í haust og hafa veruleg áhrif á starfssemi Sprettis. Fyrst er Skipulagskynning (var í haust), svo koma Skipulagsdrög (kemur líklega um miðjan febrúar) og að lokum Skipulagslýsing. Sprettur getur gert athugasemd á hverju stig og mun gera það. Lagalega er valdið hjá bæjarfélögunum en spurning hvernig Sprettur getur beitt sér í þessu máli. Stjórn leggur sig alla fram í því að standa vörð um hagsmuni félagsmanna.

Jónína sendi fyrirspurn um hvort lóðir við Samskipahöllina hafa verið auglýstar en engin svör hafa borist þrátt fyrir ítrekanir.

3. Fyrirmyndarfélag ÍSí

Katla og Þórdís eru búnar að hefja þá vegferð að Sprettur verði fyrirmyndarfélag ÍSí. Útbúa þarf ýmis fylgigögn eins og td. ýtarlega handbók.

4. Skötuveisla

Þórdís sendir úr auglýsingu, verðið var 6.900 í fyrra og ákveðið að hafa sama verð á þessu ári.

5. UMSK fundur 20 nóvember og afrekssjóður

Katla fór sem fulltrúi Sprettis á fundurinn sem var bæði skemmtilegur og áhugaverður. Farið var yfir ýmis mál sem snerta rekstur Íþróttafélaga almennt eins og samskipti við styrktaraðila, fjölmiðla og félagsmenn.

Afrekssjóður er fyrir 18 ára og eldri og á Meistaraflokks-level. Þórdís sendir út tilkynningu á vefinn.

6. Pláss fyrir unga Sprettara á LM 2026

Búið að hafa samband við einhverja aðila en niðurstaða liggur ekki fyrir. Katla og Sigurbjörn halda áfram með málið með aðstoð Þórdísar.

7. Samtal Reiðveganefndar við Garðabæ um lýsingu ofl.

Sigurbjörn og Jón áttu fund með Garðabæ á Kjóavöllum. Búið er að merkja alla „bilaða“ ljósastaura, það vantar nokkra kúpla en þeir koma ekki fyrr en í vor. Ræsingu á vegi fyrir neðan nýja Rúlluplanið. Slatti af nýjum staurum verða settir á nýju reiðstubbana. Settar verða

merkingar á reiðleiðirnar í nýja hverfinu. Til stendur að hafa samband við Kópavogsbæ með sambærilegan fund.

8. **Snjómokstur á svæðinu og ruðningur hjá Húsasmiðjuhöll**

Farið var yfir greiðslupátttöku Garðabæjar og Kópavogs í snjómokstur sl. vetur. Ganga þarf frá þessu máli þannig að hægt verði að ganga í mokstur þegar þarf á því að halda og að ekki komi upp vandamál með kostnað.

9. **Mál frá Þórdísi**

Æskulýðsnefdin eru að fara til Stokkhólms á fimmtudaginn og koma til baka á þriðjudaginn. Alls 44 aðilar fara frá Spretti. Einhverjir missa af hæfileikamótun á Hólum sem einhverjir Sprettarar ættu að sækja, allt var reynt til að láta þetta ganga upp en án árangurs.

Einhver óánægja með hve mikið sé að gera í Húsasmiðjuhöllinni þessa dagana, tímabundið ástand. Póstur frá Hrímnri um fatnað, ákveðið að bjóða æskulýðsnefnd að taka málið að sér.

10. **Samningar á veggjum Samskipahallarinnar**

Ákveðið að senda út reikninga fyrir auglýsingum á veggjum Samskipahallarinnar fyrir 2026 strax í byrjun 2026. Samþykkt að ræktunarnefndin hafi umsjón með auglýsingarplássunum fyrir ofan stúkurnar og verði í samstarfi við aðrar nefndir um auglýsingar. Senda út tilkynningu á vefinn um að það séu laus auglýsingapláss í höllinni.

11. **Göngutúr um svæðið með Bjössa**

Velja dag þegar sól fer að hækka lofti og Bjössi kominn í stærra starfshlutfall til að fara í skoðunarferð um félagssvæðið og fara yfir það sem þarfnast lagfæringar og betur mætti fara.

12. **Myndavélakerfi í Spretti**

Rætt um að yfirfara/útbúa reglur um öryggiskerfið sem er í notkun hjá Spretti, sérstaklega það sem snýr að myndefni, við hvaða tilefni má skoða myndefnið ofl.

13. **Önnur mál**

Eldhuginn Ísl, rætt um tilnefningar

Hljóðkerfið, Bjössi er með málið, byrja að kanna hvaða hátalara þarf að laga.

Farið fyrir fyrirspurn frá félagsmanni, beðið un nánari útlistun á fjárhagsleiðréttingu í fundargerð, Lárus tekur saman og verður tekið fyrir á næsta fundi. Rétt er þó að nefna að farið var vel yfir fjárhagsstöðu félagsins á síðasta aðalfundi félagsins 1.apríl. 2025 og félagsfundi sem haldin var 25 september 2024.

Fundi slitið kl. 22:20

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson